

# ÁRSSKÝRSLA HRAUNBÚA

Í skýrslunni er farið yfir skátastarf Hraunbúa árið 2019



2020

## Efnisyfirlit

Ávarp félagsforingja.....	2
Stjórn Hraunbúa 2019 – 2020 og aðrar nefndir .....	3
Skýrsla stjórnar .....	3
Starfsmenn Hraunbúa .....	3
Húsnæðismál.....	3
Salurinn.....	4
Viðburðir.....	4
Drekaskátadagurinn .....	4
Skátaping .....	5
Sumardagurinn fyrsti.....	5
Vormót.....	5
17. júní.....	5
Kynningardagur .....	5
Félagsútilega.....	5
Umbun foringjaráðs.....	6
Neisti.....	6
Útilífsskólinn .....	6
Ferðbúinn .....	6
Samstarf.....	6
Annað .....	7
Skýrslur skátasveita .....	7
Árgjald .....	7
Drekaskátar .....	7
Fálkaskátar.....	8
Dróttskátar .....	9
Félagsráð .....	9
Tölvuálfar.....	9

## Ávarp félagsforingja

Árið 2019 hefur verið viðburðaríkt fyrir Hraunbúa. Á vormánuðum var haldinn aðalfundur samkvæmt plani og urðu nokkrar breytingar á stjórnarsetu í félaginu, undirritaður hefur nú setið tæpt ár sem félagsforingi og lætur vel af.

Vormót tók heldur betur breytta stefnu frá vananum og var haldið í fyrsta sinn í langan tíma annars staðar en í Krýsuvík. Mótið var haldið á flugmódelvellinum í Hamranesi við Hvaleyrarvatn en Hamranesvöllur er í umsjá Flugmódelklúbbsins Þyts í Hafnarfirði. Þytur reyndist félaginu vel og lánaði okkur völlinn sinn gegn því að við myndum slá grasið, sem við að sjálfsgöðu gerðum og þökkum Þyt kærlega fyrir veittan stuðning og hlökkum til komandi samstarfs. Við þökkum einnig Hafnarfjarðarbæ fyrir veitta aðstoð við slátt og fleiri atriði er varðar Vormót. Til stendur að halda Vormót aftur á Hamranesvelli.

Útilífsskóli Hraunbúa gekk vel og voru flestar vikur fullbókaðar með biðlista. Skólinn nýtti aðstöðu við Hraunbyrgi og á Víðistaðatúni ásamt því að halda útilegur og fara í dagsferðir á Hvaleyrarvatn og fengum við þá að nýta Skátalund, skála St.Gerogsgildis í Hafnarfirði. Við þökkum þeim einnig fyrir gott samstarf.

Þegar líða fór að hausti tók við undirbúningur fyrir komandi starf. Félagið er mjög vel mannað af foringjum þennan vetur og gengur dagskrá, sem og almennt skátastarf í félaginu mjög vel. Sveitirnar byggja sína dagskrá á „Dagskrárhringnum“ og taka skátar mikinn þátt í að skipuleggja eigin dagskrá. Til að þakka foringjum fyrir vel unnin störf, bauð félagið foringjum upp á glaðan dag. Hópurinn fór saman í „Flyover Iceland“ sem vakti mikla lukku, hópurinn endaði svo í kvöldmat á Flatey Pizza. Félagið gaf foringjum einnig veglega jólagjöf, í ár fengu foringjar föðurlandssett og spil á árlegum jólakvöldverði félagsins. Núna er í undirbúningi skíðaferð á Akureyri í mars.

Seint á árinu óskaði stjórn Ferðbúans eftir lausn frá störfum og tóku Andri Már Reynisson, Bjarni Freyr Þórðarson, Kári Aðalsteinsson og Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir við stöðu stjórnarmanna í félaginu á meðan endurskipulagning og frekari þarfagreining fer fram. Stjórn Hraunbúa þakkar fráfarandi stjórnarmönnum Ferðbúans fyrir vel unnin störf í gegnum tíðina.

Á árinu hefur félagið staðið í viðræðum við Hafnarfjarðarbæ er varðar eignarhlut í Hraunbyrgi, stjórn félagsins og starfsmönnum bæjarins kemur ekki saman um hver eignarhlutheild er. Lítið er til skriflegt um þessi mál. Málin mjakast samt sem áður og verður fjallað frekar um þetta þegar niðurstaða er komin í málið.

Ég vil ítreka þakklæti mitt og stjórnar til allra sjálfboðaliða í félaginu, starfsmanna og annarra velunnara og hlakka til komandi tíma!

Bjarni Freyr Þórðarson félagsforingi.

## Stjórn Hraunbúa 2019 – 2020 og aðrar nefndir

### Á aðalfundi Hraunbúa 2019 voru eftirtaldir kosnir í stjórn:

Félagsforingi: Bjarni Freyr Þórðarson

Aðstoðarfélagsforingi: Andri Már Reynisson

Gjaldkeri: Kári Aðalsteinsson

Ritari: Harpa Kolbeinsdóttir

Meðstjórnendur: Eypór Orri Óskarsson, Guðrún Stefánsdóttir og Birna Sigurðardóttir

Varamenn: Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir og Guðmundur Sigurðsson

### Aðrar nefndir:

Heiðursmerkjanefnd: Una Guðlaug Sveinsdóttir og Sigurjón M. Ólafsson

Skálanefnd: Guðmundur Sigurðsson og Sigurjón M. Ólafsson

Tölvuálfar: Bjarni Freyr Þórðarson og Guðvarður B. F. Ólafsson

Minjanefnd: Ásgeir Ólafsson, Guðvarður B. F. Ólafsson, Ólafur Proppé og Sigurður Baldvinsson

Laganefnd: Heiður Ýr Guðjónsdóttir, Jón Þór Gunnarsson og Ingólfur Már Grímsson

Skoðunarmenn reikninga: Elfa Björg Aradóttir og Örn Tryggvi Johnsen

Uppstillinganefnd: Harpa Hrönn Grétarsdóttir, Guðni Gíslason og Þórður Ingi Bjarnason

## Skýrsla stjórnar

Stjórn Hraunbúa fundaði að jafnaði annan hvern miðvikudag á starfsárinu eða 23 sinnum og voru fundirnir yfirleitt um tvær klukkustundir. Mæting á stjórnarfundum var nokkuð góð og ekki þurfti að kalla til varamenn. Verkefni stjórnar þetta árið voru fjölbreytt og hér á eftir er fjallað um það helsta sem var til umfjöllunar.

### Starfsmenn Hraunbúa

Guðrún Ásta kom aftur inn eftir barneignaleyfi í mars 2019 og hefur hún gengt stöðu rekstarstjóra síðan. Sér hún um allt skipulag varðandi skáta, viðburði og húsnæði og fékk hún Sigrúnu Maggý sér til aðstoðar með viðveru á fundartíma frá desember.

### Húsnæðismál

Húsnæðismál voru fyrirferðamikil í störfum stjórnar árið 2019. Stjórn leitaði lögfræðilíts vegna deilna við bæinn um eignarhlut í Hraunbyrgi. Deilan er enn óleyst. Samkvæmt grófri skoðun á Ferðbúinn húsið, fyrir utan 15,2% sem bærinn keypti árið (2005)/2006. Öll gögn

benda til þess og orðalag, sérstaklega á fyrstu árum sögunnar ber þess merki að skilningur manna hafi verið sá að framlag bæjarins hafi verið styrkur og velvild við æskulýðsstarf skátanna. Í þessu máli hefur verið rætt um kosti og galla þess að Ferðbúinn eigi stærstan hlut í húsinu. Það liggur fyrir að næstu árin þarf að ráðast í umtalsvert viðhald á húsnæðinu sem mun verða dýrt og spurning hvernig hagsmunum skátafélagsins verði best varið í þeim framkvæmdum og hver eigi að standa straum að þeim kostnaði. Samhliða þessum umræðum um eignarhlut okkar í húsinu gerði Andri skýrslu um ástand Hraunbyrgis og viðhaldspörf. Byrjað er að vinna í fyrstu forgangsatriðum, niðurfallsrörum, þakrennum, snjógildrum o.fl. Stjórnin bindur vonir við að meira gerist í sumar s.s. gluggamálun, þak o.fl. en það ræðst af fjármagni sem hægt er að leggja í þennan málaflokk.

Í lok árs var ákveðið að ráðast í endurbætur á eldhúsinu, keypt var ný uppþvottvél sem var komin í notkun fyrir jóla auk þess sem fjárfest var í nýjum ofni, ísskáp, háf og innréttingu. Til stendur að mála eldhúsið og þrifa hátt og lágt áður en nýju tækin verða sett upp. Í salnum var sett upp nýtt ljósastýrikerfi sem tengir saman lýsingu, gardínur og gluggana í loftinu og auðveldar stýringu á þessum atriðum, nánar má lesa um þetta í skýrslu Tölvuálfa hér á eftir.

Snemma vors 2019 réðst bærinn í lagfæringar á tjaldsvæðinu til að koma til móts við húsbíla og stærri vagna. Svæðið var merkt betur með fleiri skiltum og ruslageymslan við skemmuna var stórbætt. Skátafélagið og Ferðbúinn sáu um grunninn að geymslunni en bærinn sá um gerðið. Framkvæmdir við tjaldsvæðið drógust á langinn sem varð til þess að tjaldsvæðið opnaði tveimur vikum á eftir áætlun með tilheyrandi tekjutapi fyrir Ferðbúann.

Í byrjun árs 2020 gerði stjórn skriflegar athugasemdir við nýjar tillögur bæjarins um breytingu á bæði aðalskipulagi og deiliskipulagi vengna breyttrar landnotkunar við Hjallabraut á milli skátaheimilisins Hraunbyrgis og húsa við Víðivang, gengt Skjólvangi.

## Salurinn

Salurinn hjá Hraunbúum var vel nýttur síðasta ár og var hann vel bókaður, mest var um bókanir á fermingum, erfidrykkjum og gistingingu hjá stærri hópum og gekk vel að sameina það við skátastarfið. Einnig hefur Skátakórinn notið góðs af salnum og er með sínar æfingar öll þriðjudagskvöld í salnum. Hafnarfjarðarbær er að viðra það við sínar deildir að nýta salinn hjá okkur meira yfir daginn og hafa komið prufuhópar frá þeim úr kennarastéttunum og hefur það gengið mjög vel svo að við vonumst eftir frekara samstarfi af þeirra hálfu.

## Viðburðir

### Drekaskátadagurinn

Hraunbúar sáu um Drekaskátadaginn sem var haldinn 9. mars að Hvaleyrarvatni. Dagurinn heppnaðist mjög vel, góð þátttaka var hjá drekaskátum, veðrið lék við gestina og dagskráin þótti vel heppnuð. Fjölmargir Hraunbúar aðstoðuðu við daginn, bæði ungir og gamlir.

### Skátaping

Fjórir Hraunbúar sóttu skátaping sem var haldið 5. - 7. apríl á Úlfjótavatni. Á þinginu fékk skátafélagið gefins gítar. Á þinginu var stjórnkerfið hjá BÍS einfaldað, fækkað í stjórn um einn og varamönnum sleppt auk þess sem framvegis verður kosið á 4 ára fresti. Einnig var einfaldað í fleiri nefndum. Meðal niðurstaðna skátapings voru að skátafélög þyrftu að leita leiða til þess að verða umhverfisvænni og leggja áherlsu á sjálfbærni.

### Sumardagurinn fyrsti

Sumardagurinn fyrsti gekk mjög vel. Sjoppan gekk vel og skilaði þeim sem þar unnu góðum pening. Fjárhagsáætlunin stóðst næstum því en skátafélagið borgaði örlítið með deginum.

### Vormót

Helgina 7. – 10. júní var vormót Hraunbúa haldið á Hamranesvelli við Hvaleyrarvatn. Vel var látið af mótinu sem var nokkuð fjölmennt. Rimmugýgur, víkingafélagið í Hafnarfirði aðstoðaði við dagskrá mótsins og í staðinn lánuðum við félaginu tjöld fyrir Víkingahátíðina sem haldin var á Víðistaðatúni stuttu seinna. Áður en við lánuðum tjöldin þurftum við að eldverja tjöldin með extonefni og aðstoðuðu víkingarnir okkur við það. Vormótið gekk framar vonum og voru 85 skátar skráðir á mótið og lítið um byrjunarörðugleika. Töluverður hagnaður var af mótinu og keypti mótið stóran hátalara og gaf skátafélaginu.

### 17. júní

17. júní gekk ágætlega en það var aðeins erfitt að manna verkefni dagsins. Fálkaskátar voru í fyrsta skipti í skróðgöngunni sem gekk ágætlega. Fálkaskátar mönnum einnig sjoppuna að stærstum hluta. Sami hagnaður var af sjoppunni á 17. júní og sumardaginn fyrsta.

### Kynningardagur

Kynningardagurinn gekk ágætlega og mættu áhugasamir krakkar ásamt foreldrum sínum til þess að kynna sér skátastarf. Foringjar allra skátasveitanna voru á staðnum og svöruðu spurningum. Félagið bauð uppá kakó og kex auk þess sem gestir gátu grillað sykurpúða á eldstæðinu, spreytt sig í súrringum og prófað klifurvegginn.

### Félagsútilega

Hafarnir, Segull og Hraunbúar voru með sameiginlega félagsútilegu helgina 15.-17. nóv. á Úlfjótavatni. Þemað í félagsútilegunni var umhverfis jörðina. Félagsútilegan heppnaðist vel og það var skemmtileg tilbreyting að vera í samstarfi við önnur skátafélög. Skátarnir komu glaðir og þreyttir heim eftir skemmtilega daga á Úlfjótavatni.

### Umbun foringjaráðs

Til að þakka foringjum fyrir vel unnin störf, bauð félagið foringjum upp á glaðan dag. Hópurinn fór saman í „Flyover Iceland“ sem vakti mikla lukku, hópurinn endaði svo í kvöldmat á Flatey Pizza. Félagið gaf foringjum einnig veglega jólagjöf, í ár fengu foringjar föðurlandssett og spil á árlegum jólakvöldverði félagsins. Núna er í undirbúningi skíðaferð á Akureyri í mars.

### Neisti

Fjórir foringjar úr Hraunbúum, Bjarni, Eypór, Sandra og Daníel fóru á Neista. Neisti er foringjaþjálfun á vegum Bandalagsins sem fór fram í Hinu húsinu í Elliðaárdal helgina 10.-12. janúar.

### Útilífsskólinn

Útilífsskólinn gekk vel sumarið 2019. Flestar vikurnar voru fullbókaðar, en þar sem minna var sóst eftir að komast í grallaranámskeið, gátum við tekið inn fleiri af eldri krökkum í staðinn. Vikurnar voru skiptar upp í 2 prógrömm og gafst það vel. Flestar vikurnar voru fullbókaðar, krakkarnir sem sóttu útilífsskólann voru ánægðir og skipulagið gekk upp. Flestir vinnuskólastarismenn voru ánægðir. Bæði frágangur eftir útilífsskólann og samskipti innanhús í kringum skólann voru ekki nógu góð og má draga lærdóm af því fyrir næsta sumar.

### Ferðbúinn

Þriggja manna stjórn Ferðbúans, Elfa Björg Aradóttir, Ásdís Dögg Ómarsdóttir og Unnur Svavarsdóttir, óskaði eftir lausn frá störfum í byrjun október. Stjórn þakkar þeim fyrir vel unnin störf. Ný stjórn er skipuð þeim Bjarna Frey Þórðarsyni, Kára Aðalsteinssyni, Andra Má Reynissyni og Hrafnhildi Ýr Hafsteinsdóttur sem gegnir formennsku.

### Samstarf

Skátafélagið Hraunbúar á í góðu samstarfi við Björgunarsveit Hafnarfjarðar og skátagildin í Hafnarfirði.

Björgunarsveit Hafnarfjarðar sá um sjúkragæslu á Vormóti líkt og undanfarin ár. Björgunarsveitin fékk lánuð töld hjá skátafélaginu til þess að nota í nýliðaferð og einnig fékk björgunarsveitin lánaðan búnað fyrir sjómannadaginn.

Í lok apríl kom ný stjórn St. Georgsgildisins á fund með stjórn Hraunbúa. Ólafur Proppé, nýr gildismeistari kynnti gildið, sagði frá skálanum við Hvaleyrarvatn og þeirri vinnu sem gildið leggur í skálann með vinnustundum á sunnudagsmorgnum. Gildið vill samtal og samstarf við skátfélagið um málefni skátastarfs í sveitafélaginu. Stjórnirnar ræddu saman um hugmyndir um bætta útilífsaðstöðu við Hvaleyrarvatn og framtíðardrauma um aðstöðu fyrir skátastarf við vatnið. Einnig voru minjar um skátastarf í bænum ræddar og varðveisla á þeim. Í

framhaldi af fundinum bað St. Georgsgildið um að fá að hafa minjaherbergið í sinni umsjá yfir sumarið til þess að vinna í og flokka muni sem þar eru geymdir. Enn sér ekki fyrir endann á þeirri vinnu.

### Annað

Hraunbúar taka þátt í tilraunaverkefni hjá bandalaginu varðandi innleiðingu á Sportabler í skátastarf. Tryggvi frá Sportabler hefur kynnt verkefnið fyrir stjórn og næstu skref eru að kynna verkefnið fyrir foringjum.

Á árinu voru keyptir 4 strandfánar, tveir með grænum grunni og tveir með rauðum grunni. Auk þess voru keyptir 200 hraunbúaklútar, grænir klútar með gulri rönd og Hraunbúamerkinu.

### Skýrslur skátasveita

Hér á eftir eru skýrslur skátasveita en skátastarf í bænum hefur verið í góðum höndum þetta starfsár.

### Árgjald

Árgjald fyrir starfsárið 2019 – 2020 var óbreytt eða 32.000 kr. fyrir dreka- og fálkaskáta, 36.000 kr. fyrir dróttskáta og 14.000 kr. fyrir rekka- og róverskáta. Hafnarfjarðarbær styrkir börn bæjarins í æskulýðsstarfi ein og undanfarin ár og þurfa foreldrar að sækja niðurgreiðslur í gegnum heimasíðu bæjarins. Í nóvember fékk félagið loks greiddan út frístundastyrk hjá bænum sem hafði safnast saman þegar skipt var um greiðslukerfi. Eftir töluverð tölvupóstsamskipti við bæinn og eftirgrennslan starfsmanns skátafélagsins fann bærinn loks galla í sínu kerfi og lagði uppsafnaðan pening inn á reikning skátafélagsins.

### Drekaskátar

Foringjar Drekaskáta eru Brynhildur Hafsteinsdóttir og Harpa Hrönn Grétarsdóttir, aðstoðarforingjar eru Laufey Matthildur Friðriksdóttir, Andrés Blær Guðjónsson og Guðni Hannesson. Sigrún Maggý Haraldsdóttir hefur mætt og hjálpað til nokkrum sinnum og er kærkomin viðbót. Foringjateymið er einstaklega samhent og gengur samstarfið mjög vel. Sömu foringjar voru starfsárið 2018-2019 og eru núna 2019-2020.

Drekaskátarnir voru rúmlega 20 í vor þegar hætt var fyrir sumarfrí og byrjaði haustið rólega með um 12 skátum en þeim fór fjölgandi eftir því sem leið á og eru núna orðnir um 24. Hópurinn sem var vorið 2019 var mjög krefjandi, einhverjar breytingar hafa orðið á hópnum og er hópurinn núna samsettur af 4 drengjum og 20 stúlkum. Skemmtilegur hópur sem þyrstir í spennandi verkefni og af þessum hópi eru mjög margir sem færast upp í Fálkaskáta á næsta starfsári.



Fundir eru haldnir einu sinni í viku og í klukkutíma í senn. Í vor var fundartími á mánudögum kl.17-18 en í vetur eru þeir á fimmtudögum kl.17-18.

Dagskrá fundanna er auglýst á facebooksíðu hópsins og ef dagskráin krefst meira en klukkutíma þá eru foreldrar látnir vita og beðnir að sýna því þolinmæði. Það sem hefur verið brallað er ýmislegt, snjóþotufundur, súrtingar, kanó á Víðistaðatjörn, tálgað, dorgað, hjólað, ratleikir og margt fleira spennandi. Dagskráin í haust fór af stað með dagskrárhring þar sem við vorum úti að bralla eitthvað skemmtilegt fyrstu 5 fundina, svo höfum við verið bæði inni og úti eftir það.

Þar sem hópurinn er orðinn mjög stór núna þá er búið að skipta honum í flokka og hver flokkur er með sína dagskrá sem hann skipulagði með aðstoð foringja. Í maí síðastliðinn var farið í dagsferð í sveitina og kíkt í sauðburð, fengum að knúsa og klappa lömbum og leika okkur.

Drekaskátar fóru á Drekaskátamót fyrstu helgina í júní og gekk ljómandi vel, allir skemmtu sér konunglega þó það yrði ansi kalt í tjöldunum yfir nóttina.

Helgina 26.-27. október fórum við í Lækjarbotna með hópinn og það var mjög góð ferð, við skoðuðum umhverfið, fórum í næturleik, póstaleik, skoðuðum norðurljós og stjörnur og fleira. Ferðin gekk mjög vel og voru sáttir og glaðir skátar sem fóru heim. Það var frábært að byrja starfsveturinn á svona ferð.

Framundan er vorið með meiri útiveru, sleepover í skátaheimilinu og Drekaskátamóti til að loka starfsvetrinum. Það sem við höfum lært af síðustu tveim vetrum er að því meiri áskoranir sem við bjóðum upp á og þeim mun meira krefjandi starf þeim mun glaðari og áhugasamari eru skátarnir.

Vonandi tekst okkur að halda áfram að bjóða þeim upp á gott og krefjandi starf það sem eftir er af vetrinum.

Harpa, Bryna, Laufey, Andrés og Guðni.

## Fálkaskátar

Haustið 2019 tók Unnur Björnsdóttir við sem sveitaforingi í Fálkaskátum.

Aðstoðarsveitaforingjar með Unni eru: Daníel Kárasón, Laufey Matthildur Fridriksdóttir, Thelma Karen Bjarnfinnsdóttir, Ágúst Bergmann Sigurðsson og Andrés Blær Guðjónsson.

25 krakkar eru skráðir í Fálkaskátana og það hefur verið mætt mismunandi á fundi en yfileitt eru um 14-18 krakkar sem eru að mæta. Fundarfyrirkomulag Fálkaskáta er á þann hátt að krakkarnir eru í 3 flokkum sem heita Tófur, Drekar og Fenrir. Hingað til hefur verið nóg að hafa einn stelpu/Rauðskinnu flokk og tvo stráka/Riddara flokka. Ég skipti flokkunum kynjaskipt svo það væri auðveldara að taka upp Riddara og Rauðskinnur síðar meir ef það skildu koma fleiri í fálkaskáta.

Flokkshringurinn er 1:2 sveitafundur:flokksfundir. Hver flokkshringur er með þema, sem er fyrirfram ákveðið af foringja - hugsað sem hækju fyrir fálkaskáta til að ákveða verkefni næstu

tveggja funda. Þemað eru skátalögin (1-7) í bland við annað skemmtilegt. Þemu sem eru búin: matarást, glaðvær, hjálpsemi, heiðarleiki, jóló. Með þemanu eru líka í boði nokkrar tilögur af færnimerkjum, sem passa við þemað. Hver flokkshringur bíður því uppá nokkur færnimerki (í bitastærðum) þannig að hverjum flokki stendur nokkur færnimerki til boða, ef þau vilja leggja í þau. Þau hafa tekið vel í færnimerkin. Planið er að halda þessu fyrirkomulagi áfram.

Dagskráliðir/viðburðir liðnir og framundan.

Haust 2019: 10. sept. - kick off 5.okt. - átti að vera Hraunbúadagurinn en hann frestaðist vegna veðurs. 25.-26.okt. - sleepover og vígsla 2.nóv. - fálkaskátadagurinn, en hann fórst fyrir (sein boð) 15.-17.nóv. - félagsútilega 15.des. - jólakvöldvaka. Ég ákvað að hafa enga sveitarútilegu á haustönn af því það var þegar komin svo mikil dagskrá, en svo datt aðeins dagskráin niður (Hraunbúa- og fálkaskátadagurinn).

Vor 2020: 27.feb. – kvöldvaka, 2.apríl – páskabingó, 12.-14.júní – vormót, 8.-14.júlí – landsmót, sveitarútilega og vígsla - eftir að finna dagsetningu.

Á næsta skólaári ætla ég, Unnur Björnsdóttir, að draga mig frá sem sveitaforingi þar sem ég tel mig ekki hafa nógu mikinn tíma með skóla.

### Dróttskátar

Foringjar dróttskáta eru: Kristján Ingi Þórðarson, Sandra Björk Bragadóttir og Sindri Friðriksson. Skráðir þáttakendur í dróttskátana eru 12. Á fundum fórum við eftir fyrirkomulagi sem kallast „dagskráhringurinn“ og virkar hann þannig að foringjar ákveða þema fyrir hvern dagskráhring sem stendur yfir 4 vikur í senn. Þemun eru fjölbreytt en krakkarnir velja svo verkefni sem tengjast þemanu. Í febrúar fórum við upp á Helligshéiði í sveitarútilegu í skátaskálann Bæli, Björgunarsveit Hafnarfjarðar skutlaði okkur þangað. Við fórum á Vormót Hraunbúa í byrjun júnímánaðar. Við fórum í sveitarútilegu í skátaskálann Vífillsbúð í október.

### Félagsráð

Félagsráð samanstendur af foringjum og fulltrúa úr stjórn félagsins. Félagssráð fundar annan hvern mánudag í Hraunbyrgi og fer yfir stöðu sveita og ræðir önnur mál innan félagsins, einnig koma tilkynningar á þessum fundum, t.d. varðandi komandi viðburði ofl.

### Tölvuálfar

Tölvuálfar er nefnd sem starfar innan Hraunbúa og sjá um rekstur og viðhald á tölvu og símabúnaði hér í Hraunbyrgi. Í nefndinni eru Bjarni Freyr Þórðarson og Guðvarður Björgvin Fannberg Ólafsson. Á árinu tókum við í gagnið ljósleiðaratengingu frá Nova/Gagnaveitu Reykjavíkur. Settar voru upp myndavélar og aðgangsstýring í skemmuni/smiðjunni. Tekið var í notkun ljósastýrikerfi í sal og almenningsrýmum hússins, þessi viðbót kemur til með að

spara orku með því að koma í veg fyrir óþarfa lýsingu þegar húsið er mannlaust eða þegar bjart er úti, kerfið er mjög stækkanlegt og býður upp á mikla möguleika á frekari stýringum í herbergjum og öðrum rýmum.

Einn föstudag í sumar komum við að húsinu netlausu en þá hafði ljósleiðarinn verið grafin í sundur á lóð Barnaskóla Hjalla hér til hliðar, þetta kallaði á neyðaraðgerð hjá Gagnaveitu Reykjavíkur og var búið að gera við skemmdina og komið netsamband strax á laugardagsmorgni, í millitíðinni kom tæknimaður frá Nova og setti upp 4G router á föstudagskvöldinu. Netsambandsleysi var þá ekki nema örfáir klukkutímar. Þegar svona gerist erum við minnt á hversu háð netsambandi við erum en símar og tölvur virkuðu ekki og því ekki hægt að afgreiða tjaldsvæðið með hefðbundnum hætti. Öryggiskerfi hússins reyndi einnig á varaleið sem reyndist virka hnökralaust, sem er traustvekjandi.

Ákveðið var að kaupa einn iPad fyrir foringja félagsins til að nota í dagskrá, hann var reyndar ekki keyptur fyrr en eftir áramót en er nú kominn í hús og tilbúin fyrir foringja.